

Bláa Lónið hf.

Ársreikningur samstæðunnar

2019

Bláa Lónið hf.
Norðurljósavegi 9
241 Grindavík

kt. 490792-2369

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Eiginfjárfirlit	9
Sjóðstreymisyfirlit	10
Skýringar	11
Óendurskoðuð fylgiskjöl	
Ófjárhagslegar upplýsingar	19

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Ársreikningur Bláa Lónsins hf. fyrir árið 2019 hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Dótturfélög Bláa Lónsins eru fimm, Blue Lagoon International ehf., Blue Lagoon Journeys ehf., Eldvörp ehf., Íslenskar Heilsulindir ehf. og Vænting ehf.

Hagnaður af rekstri samstæðunnar á árinu 2019 nam EUR 21.904 þús. samkvæmt rekstrarreikningi. EBITDA rekstrarársins var EUR 34.294 þús. eða 27% af veltu (2018: 32%). Samkvæmt efnahagsreikningi nam eigið fé félagsins í í árslok EUR 79.548 þús. eða 43% af heildarféarmagni (2018: 56%). Hjá félaginu störfuðu 809 starfsmenn í 673 stöðugildum í lok rekstrarárs, 478 konur og 331 karl. Í stjórn Bláa Lónsins hf. eru tvær konur og þrjú karlar og uppfyllir félagið skilyrði laga um kynjahlutföll stjórnar félagsins.

Hlutfé félagsins er ISK 880,5 millj. og er bókfært virði þess EUR 5.259 þús. Fjöldi hluthafa í lok ársins er 50 líkt og í upphafi árs. Eftirfarandi eru tíu stærstu hluthafar félagsins í árslok:

Hvatning slhf.	39,6%
Blávarmi slhf.	30,0%
Keila ehf.	11,1%
Hofgarðar ehf.	6,2%
Saffron Holding ehf.	6,2%
Bogmaðurinn ehf.	2,4%
M4 ehf.	1,1%
Bent Frisbæk	0,6%
Anna G. Sverrisdóttir	0,5%
Framtíðarsjóðurinn hf.	0,4%

Stjórn félagsins telur framtíðarhorfur þess ágætar, en félagið er eitt lykilfyrirtækja í íslenski ferðaþjónustu. Þó eru áfram blíkur á lofti í rekstrarumhverfi greinarinnar, en nýr veirufaraldur með upptök í Kína ógnar nú alþjóðlegri ferðaþjónustu. Því má gera ráð fyrir að færri erlendir ferðamenn komi til landsins á yfirstandandi ári en fyrra ári. Engu að síður horfir félagið til þess að áhrif af slíkri fækkun verði minni en ella vegna fjölgunar tekjustoða og áherslna félagsins á aukningu tekna af hverjum gesti. Þá hafa verið meiri jarðhræringar síðustu vikur á Reykjanesi, en menn hafa átt að venjast á undanförunum árum. Helstu aðrar ógnanir sem steðja að rekstrinum eru þær sömu og myndu almennt ógna íslenski ferðaþjónustu, s.s. innlendar náttúruhamfarir, hryðjuverk eða aðrir slíkir atburðir.

Stjórn félagsins mun leggja fyrir aðalfund tillögu að arðgreiðslu og verður endanleg fjárhæð arðgreiðslu ákveðin á fundinum.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Bláa Lónið hefur allt frá stofnun lagt áherslu á samfélagsábyrgð og hefur nálgun Bláa Lónsins að málaflöknum þróast í takt við þróun fyrirtækisins og samfélagsins. Stefna Bláa Lónsins í samfélagsábyrgð leggur áherslu á að náttúran er ekki óþrjótandi auðlind og við stuðlum að sjálfbærni á sem flestum sviðum, í samvinnu og sátt við samfélagið. Meginverkefni eru umhverfis- og gæðamál, sjálfbærni og ábyrg viðskipti, vinnuvernd og öryggismál. Í samræmi við ákvæði ársreikningalaga birtir félagið sérstakan kafla um ófjárhagslega upplýsingagjöf sem er hluti af ársreikningi félagsins. Félagið hefur útbúið sérstaka samfélagskýrslu um þróun samfélagsábyrgðar hjá Bláa Lóninu og má nálgast hana á heimasíðu félagsins, www.bluelagoon.com.

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra, frh.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er það álit þeirra að ársreikningur félagsins er í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2019, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019.

Stjórn og forstjóri Bláa Lónsins hf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2019 og staðfesta hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund félagsins að samþykka ársreikninginn.

Kópavogi, 6. mars 2020

Í stjórn félagsins:

Helgi Magnússon

[Handwritten signature]

Steinir Helgason

Agnýa Jónsdóttir

Liv Brynjarsdóttir

Forstjóri:

[Handwritten signature]

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Bláa Lónsins hf.

Áritun um endurskoðun samstæðuársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað samstæðuársreikning Bláa Lónsins hf. („samstæðan“) fyrir árið 2019. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstremisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. desember 2019 og afkomu samstæðunnar og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð samstæðunni í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar í ársskýrslu

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru ársskýrsla að undanskildum samstæðuársreikningi og áritun okkar á hann. Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á samstæðuársreikningnum ber okkur að lesa aðrar upplýsingar í ársskýrslu þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær séu í verulegu ósamræmi við samstæðuársreikninginn eða aðra þekkingu sem við höfum aflað okkur við endurskoðunina eða virðast verulega rangar. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Ársskýrslan liggur ekki fyrir við áritun okkar á samstæðuársreikninginn en við munum fá hana afhenta til yfirferðar áður en hún verður gefin út.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram samstæðuársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins ber stjórn og forstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi samstæðunnar og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa samstæðuna upp eða hætta starfsemi hennar, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og forstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort samstæðuársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur samstæðuársreikningsins taka á grundvelli hans.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins, frh.:

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og forstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi samstæðunnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert samstæðuna órekstrarhæfa.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald samstæðuársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar eininga innan samstæðunnar til að geta gefið álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar samstæðunnar og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum samstæðuársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Kópavogi, 6. mars 2020

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrartekjur	4	124.850.917	122.630.029
Rekstrargjöld			
Vörunotkun og kostnaðarverð seldrar þjónustu		17.611.049	15.412.883
Laun og launatengd gjöld	5	51.873.144	48.539.446
Annar rekstrarkostnaður		21.072.898	19.064.007
		90.557.091	83.016.336
Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA)		34.293.826	39.613.693
Afskriftir	7	(5.969.095)	(5.181.628)
Rekstrarhagnaður		28.324.731	34.432.065
Vaxtatekjur		326.638	292.987
Vaxtagjöld		(1.730.643)	(1.269.983)
Aðrir fjármagnsliðir		326.920	(811.256)
Gengismunur	3b	135.735	(327.516)
Hreinn fjármagnskostnaður		(941.350)	(2.115.768)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaganna	9	282.177	680.785
Hagnaður fyrir tekjuskatt		27.665.558	32.997.082
Tekjuskattur	16	(5.761.865)	(6.628.722)
Hagnaður ársins		21.903.693	26.368.360
Skipting hagnaðar:			
Hluthafar móðurfélags		21.946.477	26.380.234
Hluthafar minnihluta		(42.784)	(11.874)
		21.903.693	26.368.360

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr.	2019	2018
Eignir			
Rekstrarfjármunir	7	109.921.927	114.451.939
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum og öðrum félögum	9	6.675.991	6.652.033
Langtímakrafa	10	489.789	433.821
Kröfur á tengda aðila	19	842.390	508.012
Skatteign	16	1.729	180.610
	Fastafjármunir	<u>117.931.826</u>	<u>122.226.415</u>
Birgðir	11	5.099.265	5.400.785
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	12	3.705.939	3.210.587
Fjárfestingar tilgreindar á gangvirði	13	31.147.681	19.883.592
Handbært fé	3g	25.602.754	6.491.401
	Veltufjármunir	<u>65.555.639</u>	<u>34.986.365</u>
	Eignir samtals	<u>183.487.465</u>	<u>157.212.780</u>
Eigið fé			
Hlutfé	14	5.258.600	5.258.600
Yfirverðsreikningur		11.944.335	11.944.335
Bundið eigið fé	15	3.419.841	3.259.752
Óráðstafað eigið fé		55.397.520	63.789.233
Eigið fé hluthafa móðurfélags		76.020.296	84.251.920
Hlutdeild minnihluta		3.527.207	3.557.573
	Eigið fé	<u>79.547.503</u>	<u>87.809.493</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir	17	75.311.697	39.527.535
Tekjuskattsskuldbinding	16	3.919.980	4.117.655
	Langtímaskuldir	<u>79.231.677</u>	<u>43.645.190</u>
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	18	14.005.644	16.297.217
Tekjuskattur til greiðslu	16	5.780.078	6.756.859
Næsta árs afborganir langtímaskulda	17	4.922.563	2.704.021
	Skammtímaskuldir	<u>24.708.285</u>	<u>25.758.097</u>
	Skuldir samtals	<u>103.939.962</u>	<u>69.403.287</u>
	Eigið fé og skuldir samtals	<u>183.487.465</u>	<u>157.212.780</u>

Eiginfjáryfirlit árið 2019

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Bundið eigið fé*	Óráðstafað eigið fé	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtals
Árið 2018						
Eigið fé 1.1.2018	5.258.600	11.944.335	2.437.752	54.263.323	3.450.555	77.354.565
Kaup minnihluta					330.256	330.256
Greiddur arður				(16.000.000)		(16.000.000)
Hagnaður ársins				26.380.234	(11.874)	26.368.360
Þýðingarmunur ársins			(32.324)		(211.364)	(243.688)
Fært á bundið eigið fé			854.324	(854.324)		0
Eigið fé 31.12.2018	5.258.600	11.944.335	3.259.752	63.789.233	3.557.573	87.809.493
Árið 2019						
Eigið fé 1.1.2019	5.258.600	11.944.335	3.259.752	63.789.233	3.557.573	87.809.493
Kaup minnihluta					80.076	80.076
Greiddur arður				(30.000.000)		(30.000.000)
Hagnaður ársins				21.946.477	(42.784)	21.903.693
Þýðingarmunur ársins			(178.101)		(67.658)	(245.759)
Fært á bundið eigið fé			338.190	(338.190)		0
Eigið fé 31.12.2019	5.258.600	11.944.335	3.419.841	55.397.520	3.527.207	79.547.503

* Vísað er til skýringar nr. 14 er varðar skiptingu bundins eigin fjár.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2019

		2019	2018
	Skýr.		
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		21.903.693	26.368.360
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	5.969.095	5.181.628
Óinnleyst afkoma af markaðsverðbréfum	(225.350)	1.947.715
Vextir og gengismunur	(154.239)	2.073.548
Áhrif hlutdeildarféлага	(282.177)	(680.785)
Breyting á tekjuskattsskuldbindingu	15	(48.856)	561.112
Veltufé frá rekstri		<u>27.162.166</u>	<u>35.451.578</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, breyting		301.520	(274.636)
Skammtímakröfur, breyting	(608.686)	2.308.081
Skammtímaskuldir, breyting	(2.224.473)	514.395
Tekjuskattur til greiðslu, breyting	(782.256)	(1.170.123)
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum	(3.313.895)	<u>1.377.717</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>23.848.271</u>	<u>36.829.295</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	7	(1.359.007)	(22.959.505)
Keypt verðbréf	(29.735.813)	(18.528.631)
Innleyst verðbréf		18.720.593	17.395.034
Arður greiddur frá hlutdeildarfélagum		415.829	147.279
Lán til tengdra aðila	19	(312.856)	(941.833)
Kaup minnihluta		0	330.256
Kaup á eignarhlut í öðrum félögum		(270.758)	(1.625.600)
		<u>(12.542.012)</u>	<u>(26.183.000)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddur arður	(30.000.000)	(16.000.000)
Afborganir langtímalána	17	(4.580.286)	(2.523.705)
Ný langtímalán	17	42.385.380	10.700.000
		<u>7.805.094</u>	<u>(7.823.705)</u>
Breyting á handbæru fé		19.111.353	2.822.590
Handbært fé í ársbyrjun		<u>6.491.401</u>	<u>3.668.811</u>
Handbært fé í árslok		<u>25.602.754</u>	<u>6.491.401</u>
Fjármögnun án greiðsluáhrifa			
Tekin ný langtímalán			(32.300.000)
Uppgreidd langtímalán			32.300.000

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Bláa Lónið hf. er með aðsetur á Íslandi og eru höfuðstöðvar félagsins við Norðurljósaveg 9 í Grindavík. Samstæðureikningur félagsins hefur að geyma ársreikning móðurfélagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem "samstæðunnar" og til einstakra félaga sem samstæðufélaga.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Grundvöllur matsaðferða

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald árshlutareikninga og samstæðureikninga. Hann er gerður á grundvelli kostnaðarverðs að öðru leyti en því að verðbréf eru færð á markaðsvirði.

b. Starfsrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er settur fram í evrum en stjórn félagsins ákvað að evra sé starfsrækslugjaldmiðill félagsins.

c. Mat og ákvarðanir

Gerð samstæðureikninga í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í samstæðuársreikningi félagsins.

a. Grundvöllur samstæðu

Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yferráð. Yferráð eru til staðar þegar félagið hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstarstefnu dótturfélagsins í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yferráðum er tekið tillit til hugsanlegs atkvæðisréttar sem er nýtanlegur eða breytanlegur. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í reikningsskilum félagsins frá því að yferráð nást og þar til þeim lýkur.

Stöður milli samstæðufélaga, óinnleystur hagnaður, tekjur eða gjöld sem myndast hafa af viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð samstæðuársreikningsins.

b. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok ársins. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning. Með erlendum gjaldmiðlum er átt við alla aðra gjaldmiðla en evrum. Gengi evru gagnvart íslenskri krónu samkvæmt Seðlabanka Íslands er sem hér segir:

	31.12.2019	31.12.2018
Gengi í árslok (EUR gagnvart ISK)	135,83	133,23
Meðalgengi ársins (EUR gagnvart ISK)	137,30	127,73

c. Fjármálagerningar

Til fjármálagerninga sem ekki eru afleiðusamningar, teljast fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum, viðskiptakröfur og aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

c. Fjármálagerningar, frh.:

Fjármálagerningar, sem ekki eru afleiðusamningar, eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhaldi. Fjármálagerningar eru færðir ef samstæðan gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum viðkomandi fjármálagernings. Fjáreignir eru felldar út ef samningsbundinn réttur samstæðunnar að sjóðstreymi vegna fjáreignanna rennur út eða þegar samstæðan yfirfærir fjáreignirnar til annars aðila án þess að halda eftir yferráðum eða áhættu og ávinningi sem í eignarhaldi þeirra felst. Bókhaldsskráning vegna hefðbundinna kaupa og sölu á fjáreignum er gerð á viðskiptadegi, það er á þeim degi sem samstæðan skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina. Fjárskuldbindingar eru felldar út úr samstæðuársreikningi ef þær skuldbindingar sem skilgreindar eru í samningi falla úr gildi, er vísað frá eða ógiltar.

Í skýringu 3 (j) er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum vegna fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

d. Hlutdeildarfélag

Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum eru eignfærðir á verði sem svarar til hlutdeildar í bókfærðu eigin fé þeirra.

e. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverðið innifelur beinan kostnað sem fellur til við kaupun.

Kostnaður sem fellur til vegna endurnýjunar á hlutum í einstökum rekstrarfjármunum er eignfærður sem rekstrarfjármunir, ef það er líklegt að efnahagslegur ávinningur sem felst í eigninni mun renna til samstæðunnar og hægt er að meta kostnaðinn með áreiðanlegum hætti. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Afskriftir

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra rekstrarfjármuna. Lóðir eru ekki afskrifaðar.

Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Baðstaður	33 ár
Aðrar fasteignir	33 ár
Aðrir rekstrarfjármunir	4-7 ár

Niðurlagsverð er endurmetið árlega nema þegar um óverulega fjárhæð er að ræða.

f. Birgðir

Birgðir af aðkeyptum vörum eru metnar á meðalkostnaðarverði, en framleiðsluvörur eru metnar á meðalframleiðsluverði, sem samanstendur af beinum og óbeinum framleiðslukostnaði.

g. Handbært fé

Til handbærs fjár teljast sjóður og óbundnar innstæður til skemmri tíma en þriggja mánaða.

h. Virðisrýrnun

Á hverjum uppgjörsdegi er kannað hvort til staðar séu vísbendingar um virðisrýrnun fjáreigna. Fjáreign telst hafa rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem átt hafa sér stað benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar verði lægra en áður var talið og hægt er að meta áhrif atburðarins með áreiðanlegum hætti. Virðisrýrnun er færð í rekstrarreikning ef bókfært verð eignar er hærra en nýtingarvirði hennar.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaðferðir frh.:

i. Tekjur

Seldar vörur og veitt þjónusta

Tekjur af sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörinni verði mögulega skilað.

j. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur eru vaxtatekjur af fjáreignum.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtagjöldum og verðbótum af lántökum og öðrum fjármagnskostnaði. Lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Gengishagnaður og gengistap af eignum og skuldum í erlendum gjaldmiðlum er færður nettó sem sérstakur liður í hreinum fjármagnskostnaði.

Aðrir fjármagnsliðir samanstanda af markaðsbreytingu verðbréfa og móttæknum arði vegna eignarhluta.

k. Tekjuskattur

Tekjuskattskuldbinding samstæðunnar er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi samstæðunnar hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil samstæðunnar og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrir í skattuppgjöri en í ársreikningi. Tekjuskattur á afkomu ársins innifelur bæði tekjuskatt til greiðslu og frestaðan tekjuskatt.

4. Rekstrartekjur

	2019	2018
Spa	64.361.197	67.409.872
Veitingasala	27.667.431	29.161.436
Hótel	15.532.270	11.378.954
Vörusala	12.447.081	11.774.827
Annað	4.842.938	2.904.940
Rekstrartekjur samtals	<u>124.850.917</u>	<u>122.630.029</u>

5. Starfsmannamál

Laun	38.621.073	35.691.041
Tryggingagjald	3.082.318	2.954.489
Lífeyrisiðgjöld	5.126.799	4.505.214
Annar starfsmannakostnaður	5.042.954	5.388.702
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>51.873.144</u>	<u>48.539.446</u>

Meðalfjöldi starfsmanna á árinu miðað við heilsársstörf 726 663

Laun stjórnar og forstjóra námu samtals EUR 1.127 þús. á árinu 2019 (2018; EUR 1.222 þús.)

6. Þóknun endurskoðanda

	2019	2018
Þóknun vegna endurskoðunar	116.784	125.161
Þóknun vegna annarrar þjónustu	68.940	75.960
Þóknun endurskoðanda samtals	<u>185.724</u>	<u>201.121</u>

Skýringar, frh.:

7. Rekstrarfjármunir

	Baðstaður	Aðrar fasteignir og og lóðir	Aðrir rekstrar- fjármunir	Samtals
Heildarverð				
Heildarverð 1.1.2018	85.073.615	20.695.072	4.829.079	110.597.766
Þýðingarmunur ársins		(475.128)	(3.652)	(478.780)
Viðbót á árinu	10.999.731	2.626.496	9.357.961	22.984.188
Endurflokkun eigna	3.054.335	(3.054.335)		0
Selt og niðurlagt á árinu	(602.593)		(465.503)	(1.068.096)
Heildarverð 31.12.2018	<u>98.525.088</u>	<u>19.792.105</u>	<u>13.717.885</u>	<u>132.035.078</u>
Heildarverð 1.1.2019	98.525.088	19.792.105	13.717.885	132.035.078
Þýðingarmunur ársins		(154.218)	(1.628)	(155.846)
Viðbót á árinu	415.247	406.235	774.702	1.596.184
Selt og niðurlagt á árinu			(538.168)	(538.168)
Heildarverð 31.12.2019	<u>98.940.335</u>	<u>20.044.122</u>	<u>13.952.791</u>	<u>132.937.248</u>
Afskriftir				
Afskrifað 1.1.2018	8.921.303	2.381.683	2.143.031	13.446.017
Þýðingarmunur ársins		(1.009)	(84)	(1.093)
Endurflokkun eigna	77.157	(77.157)		0
Afskrifað á árinu	2.761.328	450.548	1.911.537	5.123.413
Selt og niðurlagt á árinu	(544.377)		(440.821)	(985.198)
Afskrifað 31.12.2018	<u>11.215.411</u>	<u>2.754.065</u>	<u>3.613.663</u>	<u>17.583.139</u>
Afskrifað 1.1.2019	11.215.411	2.754.065	3.613.663	17.583.139
Þýðingarmunur ársins		1.114	141	1.255
Afskrifað á árinu	2.965.173	499.585	2.489.838	5.954.596
Selt og niðurlagt á árinu			(523.669)	(523.669)
Afskrifað 31.12.2019	<u>14.180.584</u>	<u>3.254.764</u>	<u>5.579.973</u>	<u>23.015.321</u>
Bókfært verð				
31.12.2018	<u>87.309.677</u>	<u>17.038.040</u>	<u>10.104.222</u>	<u>114.451.939</u>
31.12.2019	<u>84.759.752</u>	<u>16.789.358</u>	<u>8.372.818</u>	<u>109.921.927</u>
Afskriftahlutföll	3%	0-3%	15-25%	

Fasteignamat fasteigna og lóða samstæðunnar nam samtals EUR 62,5 millj. í árslok 2019 (2018: 40,2 millj.). Á sama tíma var váttryggingaverðmæti fasteigna samstæðunnar EUR 110 millj. (2018 EUR 117,3 millj.) Váttryggingaverðmæti annarra eigna en fasteigna nam EUR 17,2 millj. í árslok (2018: 17 millj.) Lausafé og byggingar félagsins eru brunatryggðar hjá váttryggingarfélagi Bláa Lónsins og því hvílir bótaskylda á Náttúruhamfaratryggingum Íslands ef til tjóns vegna náttúruhamfara kæmi.

Gjaldfærðar afskriftir í rekstrarreikningi ársins greinast þannig:

Afskrift rekstrarfjármuna	5.954.596
Afskrift niðurlagðra eigna	14.499
	<u>5.969.095</u>

Skýringar, frh.:

8. Eignarhlutir í dótturfélögum

Eignarhlutir í dótturfélögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	
	2019	2018
Eldvörp ehf., Grindavík	100%	100%
Hraunsetur ehf., Grindavík	100%	100%
Jarðvangur ehf., Grindavík	100%	100%
Íslenskar Heilsulindir ehf., Grindavík	60%	60%
Blue Lagoon International ehf., Grindavík	100%	100%
Bláa Lónið Heilsuvörur ehf., Grindavík	100%	100%
Blue Lagoon USA, Bandaríkjunum	100%	100%
Blue Lagoon Journeys ehf., Grindavík	100%	100%
destination blue lagoon ehf., Grindavík	60%	60%
Þjónustumiðstöð Reykjanesvita ehf., Grindavík	80%	-
Vænting ehf., Kópavogi	100%	100%

9. Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum og í öðrum félagum

Eignarhlutirnir í hlutdeildarfélagum greinast þannig:

	Eignarhlutur	Afkoma	Bókfært verð	Bókfært verð
		2019	2019	2018
Gufa ehf., Laugarvatni	36,1%	(66.704)	1.507.509	1.605.671
Jarðböðin hf., Mývatni	25,3%	280.014	2.838.658	2.899.132
Hreyfing ehf., Reykjavík	22,0%	235.946	634.936	539.214
Decideact Aps, Danmörk	20,0%	(58.854)	423.908	482.410
Rauðukambar ehf., Kópavogi	50,0%	(108.225)	379.062	216.522
		282.177	5.784.073	5.742.949

Aðrir eignarhlutar:

Önnur félag, upphaflegt kostnaðarverð (fjögur félag)	891.918	909.084
Bókfært verð í hlutdeildarfélagum og í öðrum félagum samtals	6.675.991	6.652.033

10. Langtímakrafa

Félagið á langtímakröfu á TripCreator ehf. Krafan ber fasta 8% ársvexti. Lánið er til greiðslu með einni afborgun eigi síðar en þann 1. janúar 2024.

11. Birgðir

Birgðir samanstanda af hráefnum og fullunnum vörum sem keyptar hafa verið fullunnar til endursölu.

12. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

	2019	2018
Viðskiptakröfur	3.345.066	2.945.464
Krafa á tengda aðila	69.464	26.856
Aðrar skammtímakröfur	291.409	238.267
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur samtals	3.705.939	3.210.587

13. Fjárfestingar tilgreindar á gangvirði

Hlutabréf skráð í Kauphöll Íslands	2.779.209	3.595.286
Skráð skuldabréf	4.574.123	0
Verðbréfasjóðir	23.794.349	16.288.306
Fjárfestingar tilgreindar á gangvirði samtals	31.147.681	19.883.592

Skýringar, frh.:

14. Hlutfé

Samkvæmt samþykktum félagsins er hlutfé þess ISK 880,5 milljónir og er hver hlutur ein króna. Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut í félaginu.

15. Eigið fé

Bundnir eiginfjárreikningar greinast þannig:

	Lögbundinn varasjóður	Bundinn hlutdeildar reikningur	Þýðingar- munur	Samtals
Eigið fé 1.1.2018	1.314.650	1.009.325	113.775	2.437.750
Þýðingarmunur ársins			(32.324)	(32.324)
Fært af óráðstöfuðu eigin fé		854.324		854.324
Eigið fé 31.12.2018	1.314.650	1.863.649	81.451	3.259.752
Eigið fé 1.1.2019	1.314.650	1.863.649	81.451	3.259.750
Þýðingarmunur ársins			(178.099)	(178.099)
Fært af óráðstöfuðu eigin fé		338.190		338.190
Eigið fé 31.12.2019	1.314.650	2.201.839	(96.648)	3.419.841

16. Tekjuskattskuldbinding

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

	2019	2018
Hagnaður ársins	21.903.693	26.368.360
Tekjuskattur ársins	5.761.865	6.628.722
Hagnaður án tekjuskatts	27.665.558	32.997.082
Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall	20,0%	5.533.112
Aðrar breytingar	0,0%	228.753
Virkur tekjuskattur	20,0%	5.761.865

Reiknaður tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi greinist þannig:

Tekjuskattur til greiðslu	5.780.078	6.756.859
Breyting á skattskuldbindingu	(18.213)	(128.136)
	5.761.865	6.628.723

17. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir ársins greinast þannig:

	2019	2018
Skuldir í EUR	80.234.260	42.231.556
Samtals	80.234.260	42.231.556
Á gjalddaga 2019	0	2.524.879
Á gjalddaga 2020	4.922.560	2.508.278
Á gjalddaga 2021	4.601.545	2.508.278
Á gjalddaga 2022	68.590.835	34.690.121
Á gjalddaga 2023	100.125	0
Á gjalddaga 2024 og síðar	2.019.195	0
	80.234.260	42.231.556
Langtímaskuldir greinast þannig í efnahagsreikningi:		
Langtímaskuldir	75.311.697	39.527.535
Næsta árs afborganir	4.922.563	2.704.021
	80.234.260	42.231.556

Skýringar, frh.:

17. Langtímaskuldir, frh.

Á árinu tók Bláa Lónið nýtt EUR 40 millj. lán með þriggja mánaða Euribor vöxtum að viðbættu 3% vaxtaálagi. Lánið er til fimm ára. Eldra lán félagsins ber þriggja mánaða Euribor vexti að viðbættu 2,75% vaxtaálagi.

Til tryggingar skuld félagsins er lánveitandi þess með veð í fasteignum dótturfélagsins Eldvarpa ehf. að Norðurljósavegi 5, 7, 9 og 10, sem og lóðum, réttindum og rekstri. Fasteignir Eldvarpa ehf. eru bókfærðar á EUR 93,6 millj. Þá er vörumerki félagsins einnig veðsett til tryggingar skuldinni.

Til tryggingar skuld Jarðvangurs ehf. við Reykjanesbæ hefur félagið sett að veði lóðina við Breiðasel 73, Reykjanesbæ.

Á árinu breytti Hraunsetur ehf. lánalínu sinni í langtímalán til 25 ára. Lánið er verðtryggt með 0,10% vaxtaálag ofan á kjörvexti verðtryggðra lána.

18. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

	2019	2018
Viðskiptaskuldir	5.142.832	7.648.185
Tengdir aðilar	0	171.984
Launatengd gjöld	4.456.113	3.477.515
Aðrar skammtímaskuldir	4.406.699	4.999.533
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	<u>14.005.644</u>	<u>16.297.217</u>

19. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar samstæðunnar eru hlutdeildarfélag og félag undir sömu yfirráðum og Bláa Lónið hf.

Viðskiptastöður við tengda aðila greinast þannig í lok ársins:

	2019	2018
Langtímakröfur á tengda aðila	842.390	508.012
Skammtímakröfur á tengda aðila	69.464	26.856
Skuldir við tengda aðila	0	171.984

Viðskipti við tengda aðila á árinu greinast þannig:

Seldar vörur og þjónusta	130.727	85.168
Keyptar vörur og þjónusta	135.934	909.474

Skýringar, frh.:

20. Önnur mál

- a. Félagið hefur einkaleyfi til ársloka 2044 frá HS Orku hf. til notkunar jarðhitavökva (Bláa Lóns vökva) í Svartsengi til afþreyingar, heilsuþaða, lækninga og einnig til framleiðslu hvers konar húð- og heilsuvara þar sem notuð eru steinefni og lífræn efni jarðhitavökvans. Greiðslur til HS Orku hf. vegna samningsins voru EUR 638 þús. á árinu 2019 (2018: EUR 839 þús.).
- b. Félagið hefur einkarétt til notkunar vörumerkjanna “Blue Lagoon” og “Bláa Lónið” í öllum vöruflokkum á Íslandi og einnig hefur myndmerki félagsins verið skráð á Íslandi og sums staðar erlendis. Félagið hefur einnig skráð vörumerkið “Blue Lagoon” í flokkum snyrtivara og lyfja á öllum helstu mörkuðum erlendis og sums staðar einnig í flokkum ferðþjónustu og heilbrigðisþjónustu.
- c. Félagið á einkaleyfi samþykkt í Evrópu og Bandaríkjunum á notkun blágrænþörungna í snyrtivörur og lyf (WO2007129331). Einnig á félagið samsvarandi einkaleyfi í Evrópu á notkun kíslar (silica) í snyrtivörur og lyf (WO2007129330A1).

Ófjárhagslegar upplýsingar

Samfélagsábyrgð er ríkur þáttur í starfsemi Bláa Lónsins

Bláa Lónið hf. framkvæmdi ítarlega greiningu á samfélagsábyrgð sinni árið 2019 með áherslu á áhrif félagsins á umhverfi og samfélag. Aukin vitund á málaflokknum bæði innan og utan veggja fyrirtækisins hefur hvatt til frekari aðgerða til að bæta sjálfbærni í rekstri.

Bláa Lónið er eitt af 25 undrum veraldar og þar njóta gestir einstakrar upplifunar í góðri sátt við náttúru sem á enga sína líka. Rekstur Bláa Lónsins hefur verið vottaður af Vakanum síðan 2015 og árið 2019 var vottunin útvíkkuð með gullmerki í umhverfismálum, 5-stjörnu superior vottun á Retreat Hotel og 4-stjörnu superior vottun á Silica Hotel. ISO 9001 vottun Bláa Lónsins Heilsuvara ehf. var einnig útvíkkuð á árinu til að ná yfir tvær nýjar vörur í framleiðslu (te og matarsalt).

Samfélagsábyrgð Bláa Lónsins byggir á gildum þess: „We Care, We Respect, We Bring Joy og We Create Memories“. Gildin eru samofin menningu fyrirtækisins og rekstri þess þvert á deildir, ásamt því að falla fullkomlega að meginstoðum samfélagsábyrgðar: fjárhags-, umhverfis- og samfélagsleg áhrif. Við stefnum að því að vera góð fyrirmynd annarra í þessari vegferð að stöðugt aukinni sjálfbærni.

Umhverfismál

Umhverfisstefna Bláa Lónsins

Sjálfbært samband manns og náttúru er undirstaða umhverfisstefnu Bláa Lónsins með einkunnarorðunum: samfélag án sóunar.

Náttúruauðlindir eru nýttar á sjálfbæran hátt og dregið hefur úr sóun í framleiðslu- og þjónustuferlum. Stundaðar eru rannsóknir og þekkingar aflað á náttúru Bláa Lónsins og áhrifum starfseminnar á hana. Leitað er stöðugt nýrra leiða í að draga úr kolefnisspori í starfseminni.

Áhersla er á að draga úr áhrifum á umhverfið með því að lágmarka og endurvinna úrgang sem fellur til í rekstri með stöðugum umbótum.

Losun gróðurhúsalofttegunda

Bláa Lónið vinnur stöðugt að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í sínum rekstri. Árið 2019 var gerður samningur við Kolvið varðandi plöntun trjáa til að kolefnisjafna rekstur fyrirtækisins, þar á meðal raforku, hita og rútuferðir starfsfólks og Destination Blue Lagoon (DBL). Frá árinu 2018 hefur losun vegna flugferða starfsfólks og losun tengd meðhöndlun úrgangs verið tekin með í losunarbókhald fyrirtækisins. Aukin losun frá 2017 má rekja til nýju rekstrareininganna Destination Blue Lagoon, Retreat Hotel & Spa og aukinnar starfsemi þvottahúss félagsins.

	2019	2018	2017
Umfang 1 (eldsneyti rekstrarbíla og DBL)	1.085	857	344
Umfang 2 (Hiti or rafmagn)	341	317	218
Umfang 3 (Flug, sorp, rútuferðir starfsmanna)	363	348	69
Losun á gest - kg CO ₂ eq	1,63	0,94	0,44
Kolefnisjöfnun	1.790		
Fjöldi plantaðra trjáa	17.900		
tonn CO ₂ eq			

Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.:

Raforkunotkun

Aukning er í raforkunotkun á milli ára. Helsta skýringin er ný rekstrareining sem tekin var í notkun í apríl 2018, þ.e. Retreat Hotel og Spa. Samhliða þessari nýju rekstrareiningu þá hefur til að mynda verið aukning í þvottþjónustu og raforkunotkun henni tengdri. Mesta raforkunotkunin var í heilsulind Bláa Lónsins eða um 35% af heildarraforkunotkun.

	2019	2018	2017
Rafmagn	6.258.751	6.058.225	4.864.800
Rafmagn á gest	7,17	4,84	3,80
kWh			

Vatnsnotkun

Árið 2019 varð aukning í notkun á köldu og heitu vatni í rekstri Bláa Lónsins sem má rekja til nýju rekstrareininganna. Notkun á jarðsjó hélst nokkuð stöðug á milli ára.

	2019	2018	2017
Heitt vatn	367.143	334.405	183.524
Heitt vatn á gest	0,42	0,27	0,14
Kalt vatn	259.210	229.101	153.014
Kalt vatn á gest	0,3	0,18	0,12
Jarðsjór	3.020.081	2.937.515	3.156.173
m ³			

Auðlindir og úrgangsmál

Bláa Lónið fór í mörg umbótaverkefni í úrgangsmálum árið 2019, með áherslu á að draga úr magni úrgangs og að auka endurvinnslu í rekstri. Magn óflokkaðs úrgangs var stöðugt frá 2018 til 2019 á meðan við drógum úr magni í öðrum flokkum. Sem dæmi þá var dregið töluvert úr prentun kvittana og A4 blaða með tilkomu nýrra rafrænna lausna.

	2019	2018	2017
Prentpappír (A4)	274.857	319.500	331.000
Kvittanir (rúllur)	5.905	8.305	6.300
Heildarúrgangur (tonn)	647	674	488
Endurvinnsluhlutfall	36%	38%	30%

Sjálfbærni í rekstri

Bláa Lónið starfar innan Reykjanes UNESCO Global Geopark og er hluti af Auðlindagarðinum sem byggst hefur upp í kringum nýtingu jarðhitasvæða á Reykjanesi. Bláa Lónið nýtir jarðsjó, gufu, gas, raforku, heitt og kalt vatn frá HS Orku í Svartsengi og er einstakt dæmi um fjölnýtingu og fullnýtingu hrak- og auðlindastrauma frá jarðvarmavirkjun. Þetta er í samræmi við stefnu fyrirtækisins um að skapa verðmæti með því að umbreyta náttúruauðlind í einstaka upplifun.

Samfélagsmál

Starfsfólk Bláa Lónsins er dýrmætasta auðlind fyrirtækisins. Bláa Lónið vinnur hart að því að tryggja jafnrétti meðal starfsmanna sinna og hefur markað sér jafnréttisáætlun með það að markmiði að hver starfsmaður sé metinn að eigin verðleikum óháð kyni, kynþætti eða öðrum örökstuddum viðmiðum. Konur jafnt sem karlar hafa aðgang að lausum störfum hjá fyrirtækinu og hafa jafna möguleika á stjórnunarstörfum. Eins er lögð áhersla á að allir starfsmenn hafi jafnan aðgang að starfsþjálfun og starfsþróun.

Launajafnræði kynjanna


Bláa Lónið hlaut Jafnlaunavottun, sem er unnin eftir jafnlaunastaðli ÍST 85, árið 2018. Það er fyrirtækinu afar mikilvægt að samræmi sé þvert á svið og deildir þegar kemur að launa- og kjaraákvörðunum og að konur og karlar fái sömu laun, kjör og réttindi fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Bláa Lónið fór í viðhaldsúttekt á jafnlaunakerfinu í lok árs 2019 og stóðst hana með mikilli þrýði. Kynbundinn launamunur mældist undir vikmörkum eða 1,47%. Árið 2019 voru útreikningarnir byggðir á færri fylgibreytum en 2018 til að gefa áreiðanlegri samanburð á launamun kynjanna innan fyrirtækisins.

	2019	2018
Launamunur kynjanna	1,47%	0,76%
Skýringarhlutfall	94,2%	95%

Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.:

Kynjaskipting

Bláa Lónið leggur áherslu á jafnræði og fjölbreytni í öllum starfaflokkum fyrirtækisins.



Samfélagið

Bláa Lónið styður við samfélagið með því að styrkja mörg fjölbreytt verkefni sem snúa að aukinni vellíðan, íþróttaiðkun, menningartengdum viðburðum og verndun náttúru. Fyrirtækið hefur til margra ára boðið upp á lækningameðferð við psoriasis, meðferðargestum og ríkissjóði að kostnaðarlausu. Á árinu 2019 styrkti Bláa Lónið Krabbameinsfélagið með sölu varasalva í bleikum október, Íþróttasamband fatlaðra, Íþróttafélög á Reykjanesi, Landsmót hestamanna, Hjólreiðafélag Reykjavíkur og Forskot, stuðningssjóð afreksfólks í golfi. Bláa Lónið styrkti einnig við Sólheima, slökkviliðs- og björgunaraðila á Reykjanesi, Reykjanes Geopark og Bláa Herinn svo eitthvað sé nefnt.

Stjórnarhættir

Bláa Lónið hefur sett sér jafnréttisáætlun og skýra stefnu og verklag gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi. Fræðsla um viðbrögð við mútum og spillingu hefur einnig verið bætt inn í rafrænt fræðsluefni fyrirtækisins. Ný persónuverndarstefna og vefkökustefna var gefin út til samræmis við breytingar í rekstri og fræðsluefni til starfsmanna um meðhöndlun persónuupplýsinga gefið út.

Mannauður

Þjálfun og fræðsla starfsfólks er lykilþáttur í velgengni Bláa Lónsins. Skýr fræðsluáætlun gefur öllu starfsfólki jöfn tækifæri til að bæta hæfni sína og auka þekkingu í starfi. Árið 2019 var innleitt nýtt rafrænt fræðslukerfi, Eloomi, sem eykur sveigjanleika og aðgengi starfsfólks að ítarlegri fræðsluefni og styður við stöðugar umbætur í fræðslumálum og starfsþróun.

Bláa Lónið leggur ríka áherslu á heilsusamlegar og öruggar vinnuaðstæður sinna starfsmanna. Öryggisnefnd innan fyrirtækisins vinnur stöðugt að því að tryggja heilsu og öryggi alls starfsfólks. Því er fylgt eftir með atvikaskráningakerfi, viðhaldskerfi, öryggisvaktstöð og útkallskerfi í neyðartilfellum. Atvik sem koma upp eru rýnd vikulega og viðeigandi breytingar settar í ferli til að lágmarka áhættu og tryggja að sambærileg atvik endurtaki sig ekki.